

**Efni: Umsögn vegna skjalsins „Lykilþættir og tillögur til úrbóta“ úr skýrslu starfshóps um stöðu minjaverndar. Samráðsgátt, mál nr. S-237/2023.**

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér lykilþætti og tillögur til úrbóta úr skýrslu um stöðu minjaverndar. Nefndin er sammála tillögunum sem koma fram í greinargerðinni en undirstrikar nokkrar tillögur á grundvelli tengsla minjaverndar og annara verndarþátta við lög um vernd Breiðafjarðar, sem miða að því að vernda Breiðafjörð sem náttúru- og menningarlega heild.

Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að „stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja“<sup>1</sup>. Verndin sameinar náttúrulega og mannlega þættir og er þar af leiðandi sérstök á landsvísu. Breiðafjarðarnefnd undirstrikar tengsl mismunandi fyrirbæra fyrir vernd Breiðafjarðar og að minjavernd gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Vegna mikilvægis verndar menningarminja fyrir svæði eins og Breiðafjörð telur Breiðafjarðarnefnd æskilegt að fylgja tillögum sem eru settar fram undir lið 3 í skýrslu til umsagnar. Þar er lagt til að byggja upp grunnrannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs og stórauka yfirsýn. Auk þess er dregið fram mikilvægi þess að innleiða Evrópska landslagssamninginn í íslensk lög hvað varðar skráningu og greiningu menningarlandslags á skipulegan hátt. Í ljósi verndargildis Breiðafjarðar tekur Breiðafjarðarnefnd heilshugar undir það sjónarmið, enda er margt líkt með inntaki Landslagssamnings Evrópu og löggjöf um vernd Breiðafjarðar frá árinu 1995.

Margar eyjar Breiðafjarðar eru dæmi um menningarlandslag þar sem margar náttúru- og menningarminjar eru á litlu svæði. Fornleifaskráning hefur farið fram í nokkrum eyjum á síðustu áratugum. Fornleifaskráning í Fagurey frá þessu ári<sup>2</sup> sýnir dæmigert menningarlandslag á Breiðafirði. Markmiðin voru nokkur við útfærslu rannsóknar og er þeim lýst í inngangi rannsóknarskýrslu.

Markmið rannsókna í Fagurey voru nokkuð fjölþætt. Í fyrsta lagi var það markmið rannsókna að skrá minjar og menningarlandslag í eyjunni og mæla upp allar minjar. Í öðru lagi var leitast við að kanna hvort líkleg ummerki um miðaldaminjar væri að finna á svæðinu, hvort einhverjar vísbendingar um eldri sögu jarðarinnar væri fólgin í örnefnum o.s.frv. Í þriðja lagi var markmið rannsókna að kanna hvort minjum í eyjunni væri mikil hætta búin sökum landbrots en fyrri rannsóknir á Breiðafjarðareyjum hafa sýnt að sú er raunin víða.

(Fornleifastofnun Íslands, 2023, bls. 6)

<sup>1</sup> Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.

<sup>2</sup> Fornleifastofnun Íslands. (2023). *FS942-20177 Fornleifaskráning í Fagurey*.

[https://www.researchgate.net/publication/374198605\\_FS942-20177\\_Fornleifaskraning\\_i\\_Fagurey](https://www.researchgate.net/publication/374198605_FS942-20177_Fornleifaskraning_i_Fagurey)


Niðurstöður rannsóknarinnar í eyjaklasanum við Fagurey sýna að þrjár eyjar eru þétt þaktar menningarminjum frá mismunandi tímabilum byggðar. Breiðafjarðareyjar eru margar mótaðar eins og Fagurey og er menningarlandslag sem einkennir svæðið ein af undirstöðum verndar Breiðafjarðar.

Vegna fjölbreyttra þátta verndunar Breiðafjarðar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar er Breiðafjarðarnefnd sammála tillögu starfshópsins númer 3.e. þar sem kemur fram að ríkisvaldið þurfi að móta sér stefnu um eignarhald, viðhald og rekstur gagnagrunna um fornleifar, byggingararf og menningarlandslag. Breiðafjarðarnefnd tekur auk þess undir tillögu um að „Íslenska ríkið sé hvatt til þess að standa við skuldbindingar um að skrá og greina menningarlandslag með skipulegum hætti, en fornleifaskráningargögn liggja þar til grundvallar“<sup>3</sup>. Breiðafjörður er dæmi um svæði sem hefur verið verndað, m.a. vegna menningarþátta, en hingað til hefur ríkisábyrgð einkennt af skorti á aðgerðum til að vinna að markmiðum um landslagsvernd, þar á meðal menningarlandslags, í lögum um vernd Breiðafjarðar.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi þess að leggja áherslu á menningarlandslag á landsvísu með mótun á stefnu ríkisins. Verndarsvæði Breiðafjarðar hefur síðan 1995 haft vernd menningarlandslags að leiðarljósi en aðgerðir til að framfylgja þeirri stefnu eftir hafa verið fáar.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

---

<sup>3</sup> Starfshópur um stöðu minjaverndar í landinu – Skjal til umsagnar í samráðsgátt 17.11.2023, bls. 3